

## Verkefni 19 sem hlutu styrk úr þróunarsjóði innflytjendamála árið 2008

- Mirra, Miðstöð innflytjendarannsókna Reykjavíkuroakademíunnar hlaut styrk til rannsóknarinnar *Staða útlendinga á vinnumarkaði á samdráttartímum*. Markmið verkefnisins er að rannsaka stöðu og líðan innflytjenda á vinnumarkaði á efnahagslegum samdráttartímum. Rannsóknin hlaut styrk að fjárhæð 500.000 krónur.
- Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst hlaut styrk til rannsóknarinnar *Efnahagslegur ávinningur af þátttöku innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði*. Markmið rannsóknarinnar er að meta efnahagslegan ávinning sveitarfélaga af þátttöku innflytjenda á vinnumarkaði innan hvers sveitarfélags og að greina hvernig sveitarfélög geta ýtt undir þátttöku innflytjenda til að auka ávinning samfélagsins. Rannsóknin hlaut styrk að fjárhæð 1.000.000 króna.
- Samtök um Kvennaathvarf hlaut styrk til rannsóknarinnar *Aðstæður kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarf*. Fáar rannsóknir til um upplifun kvenna af erlendum uppruna sem búa hérlendis og engar rannsóknir eru til á aðstæðum þeirra kvenna sem búa við heimilisofbeldi. Rannsóknin mun gagnast í markvissara starfi til að aðstoða konur og til úrlausnar á vanda þeirra. Rannsóknin hlaut styrk að fjárhæð 465.000 krónur.
- Kristín Loftsdóttir hlaut styrk til rannsóknarinnar *Fordómar og virðing í íslensku samfélagi*. Í rannsókninni verður skoðuð sú umræða sem kom upp varðandi útgáfu bókarinnar Tíu litlir negrastrákar og hvernig sú umræða endurspeglar hugmyndir um virðingu, fordóma og umburðarlyndi í íslensku samfélagi. Rannsóknin hlaut styrk að fjárhæð 500.000 krónur.
- Jafnréttishúsið hlaut styrk til verkefnisins *Fordómafræðsla fyrir 8.–10. bekk grunnskóla*. Markmið fordómafræðslu Jafnréttishúss er að koma í veg fyrir mismunun og fordóma vegna uppruna, kynþáttar og/eða trúarbragða með því að skapa vettvang fyrir samræðu milli menningarhópa. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð 400.000 krónur.
- Alþjóðahúsið hlaut styrk til verkefnisins *Að efla fjölmennningarlega færni ungs fólks*. Markmið verkefnisins er að efla færni kennara í að sinna fjölmennningarlegri fræðslu með gerð fræðsluefnis sem kennarar munu geta nýtt sér í störfum sínum í framtíðinni. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð 450.000 krónur.
- Endurmenntun Háskóla Íslands hlaut styrk til verkefnisins *Þverfræðilegt nám samhliða starfi fyrir háskólamenntað fólk um margmenningu og innflytjendamál*. Markmiðið er að setja á fót þverfaglegt nám fyrir fagfólk sem vinnur með innflytjendum í daglegum störfum og/eða á fjölmennningarlegum vinnustöðum. Um er að ræða fagfólk af heilbrigðis-, mennta-, félags- og uppeldissviði. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð 500.000 krónur.
- Þekkingarnet Austurlands hlaut styrk til verkefnisins *Frumkvöðlanám fyrir innflytjendur*. Frumkvöðlanámskeið hafa verið haldin á íslensku en nú á að bjóða námskeiðin á öðrum tungumálum, til dæmis ensku. Helstu efnistökin námskeiðsins verða viðskiptatækifæri, gerð viðskiptaáætlunar, fjármál og áætlanagerð, markaðsmál, menningarmunur og samningatækni. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð 500.000 krónur.
- Leikskólasvið Reykjavíkurborgar hlaut styrk til verkefnisins *Fögnum fjölbreytni*. Í verkefninu verður þróað upplýsingaefni sem auðveldar starfsfólki leikskóla samskipti við erlenda foreldra. Um er að ræða nokkurs konar upplýsingabanka með stuttum þýðingum á skilaboðum um starfsemi leikskóla sem nýst getur öllum leikskólum. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð 250.000 krónur.
- Alþjóðahúsið hlaut styrk til verkefnisins *Starf við hæfi*. Markmið námskeiðsins er að leiðbeina fólki af erlendum uppruna að finna starf við hæfi hér á landi. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð 250.000 krónur.

- Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi hlaut styrk til verkefnisins *Sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir konur af erlendum uppruna*. Námskeiðið er fyrir konur sem eru annaðhvort að brjótask úr viðjum heimilisofbeldis eða standa í forræðisdeilum. Markmið verkefnisins er að fræða þær um réttindi sín og íslenskt samfélag, en á sama tíma veita þeim styrk, eflingu og uppeldisráðgjöf. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð 360.000 krónur.
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands hlaut styrk til verkefnisins *Átaksverkefni fyrir fólk af erlendum uppruna í atvinnurekstri*. Markmið verkefnisins er að miðla hagnýtri þekkingu um fyrirtækjarekstur, svo sem fjármál, stjórnun, stefnumótun, lagaumhverfið og markaðsmál, á 15 vikna tímabili til einstaklinga sem sækja námskeiðið. Hver einstaklingur fær einnig handleiðslu við að móta stefnu fyrir sína viðskiptahugmynd. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð 750.000 krónur.
- Mímir-símenntun hlaut styrk til verkefnisins *Sjálfsstyrking og samskipti*. Markmið verkefnisins er að styrkja stöðu starfsmanna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði. Einnig að styrkja sjálfstraust þeirra og færni til að taka virkan þátt í íslensku samfélagi. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð 600.000 krónur.
- Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða hlaut styrk til verkefnisins *Sérfræðingateymi sveitarfélaga*. Sett verður af stað vinnutengt þjálfunarferli fyrir kennara og aðra sem koma að námi og kennslu nemenda sem læra íslensku sem annað tungumál á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Starfsmenn sveitarfélaga og bæjarskrifstofa fá einnig sérstaka þjálfun í hagnýtum vinnubrögðum í tengslum við málefni innflytjenda og flóttamanna. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð 350.000 krónur.
- Borgarbókasafn Reykjavíkur hlaut styrk til verkefnisins *Lexíukaffi*. Megináhersla verkefnisins er að styrkja sjálfsmynd ungmenna af erlendum uppruna, draga úr brottfalli þeirra úr skóla, styrkja námsgetu og benda á þá möguleika sem þeim standa til boða í áframhaldi námi með því að veita þeim heimanámsaðstoð. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð 500.000 krónur.
- Þjónustumiðstöð Breiðholts hlaut styrk til verkefnisins *Stoðir fyrir foreldra*. Verkefnið er tvíþætt, annars vegar námskeið fyrir erlenda foreldra læra að nota helstu stoðir á netinu sem styðja við nám barna þeirra og fá upplýsingar um íþróttir og tómstundastarf og hins vegar að vinna fræðslufni til notkunar á námskeiðum fyrir foreldra. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð 400.000 krónur.
- Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir hlaut styrk til verkefnisins *Mál okkar allra*. Markmið verkefnisins er að safna saman því efni sem víða er til á erlendum málum héraðs, flokka það og birta á sérstökum upplýsingasíðum hvers tungumáls. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð 500.000 krónur.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands hlaut styrk til verkefnisins *Átak gegn fordómum í tengslum við 21. mars, alþjóðadag gegn kynþáttamisrétti, og Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti og skorti á umburðarlyndi*. Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti snýst um alþjóðadag gegn kynþáttamisrétti og miðar að því að uppræta þröngsýni, fordóma og þjóðernishyggju í Evrópu. Á Íslandi stendur fjöldi samtaka og stofnana að ýmsum viðburðum í tengslum við Evrópuvikuna ár hvert. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð 310.000 krónur.
- Reykjanesbær hlaut styrk til verkefnisins *Fjölmenningarlegur vinnustaður og samfélag*. Markmið verkefnisins er að draga úr fordómum og koma í veg fyrir mismunun eða fordóma vegna uppruna, kynþáttar eða trúarbragða. Námskeið og styttri fyrirlestrar verða haldnir fyrir starfsmenn Reykjanesbæjar um fjölmenningu á vinnustað. Fyrirlestrar verða fyrir innflytjendur um hefðir og siði í íslensku samfélagi og íslenskukennsla fyrir innflytjendur. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð 1.000.000 króna.